

**SKÝRSLA UM MENNINGARMINJAR
VIÐ NÝTT VEGARSTÆÐI NORÐURLANDSVEGAR
MILLI JÖKULSÁR OG BISKUPSHÁLS**

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson

FS001-95071

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

1995

SKÝRSLA UM MENNINGARMINJAR VIÐ NÝTT VEGARSTÆÐI NORÐURLANDSVEGAR MILLI JÖKULSÁR OG BISKUPSHÁLS

Inngangur

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta...". Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal.

Nú er fyrirhugað að gera endurbætur á Norðurlandsvegi og leggja nýjan veg vestan Grímsstaða á Fjöllum. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á hinu nýja vegastæði. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar og munnlegar heimildir um fornleifar á svæðinu og leita minja á vettvangi.

Vettvangsrannsókn

Að beiðni Vegagerðar ríkisins á Akureyri gerðu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson fornleifafraeðingar hjá Fornleifastofnun Íslands vettvangsathugun á og við nýtt vegarstæði Norðurlandsvegar á Grímsstöðum á Fjöllum þann 5. ágúst 1995.

Við undirbúning rannsóknarinnar voru ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar. Jafnframt var tekið viðtal við Braga Benediktsson bónda á Grímsstöðum, sem er vel staðkunnugur á þeirri jörð. Gengið var eftir fyrirhuguðu vegarstæði og nágrenni þess kannað lítillega þar sem ástæða þótti til. Einnig var bæjarstæði Gömlu Grímsstaða skoðað og leifar kumla sem þar hafa fundist.

Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Fyrirhugað er að hinn nýi vegur liggja yfir Biskupsháls. Þar mun hann liggja mjög nálægt svokölluðum Biskupavörðum sem eru á hinu fornu leið frá Möðrudal og norður með Jökulsá. Um vörður á þessum stað er getið í lýsingu Skinnastaðaprestakalls sem gerð var árið 1839 fyrir Hið íslenska bókmenntafélag af séra Stefáni Þórarinssyni. Þar segir um vörðurnar á Biskupshálsi: "Neðan til í honum standa tvær vörður er heita Biskupsvörður. Þær eru stiftaskipti, fjórðungsskipti, sýsluskipti og hreppaskipti."¹ Hinar eiginlegu Biskupavörður virðast draga nafn af því að hér voru mörk biskupsdæma (sbr. Biskupastein á Langanesi) en ekki er vitað hvort þær vörður sjást enn. Vörðurnar sem sjást austan með veginum eru á hinni foru þjóðleið milli Möðrudals og Grímsstaða en hún var aðalleiðin milli Austurlands og Norðurlands og einnig verleið milli Þingeyjarsýslu og Hornafjarðar.² Gæta verður þess að þessar vörður verði ekki fyrir hnjaski á meðan á framkvæmdum stendur. Æskilegt væri að mæla vörðurnar inn á kort áður en framkvæmdir hefjast.

Að Biskupavörðum slepptum eru engar menningarminjar sýnilegar á yfirborði í sjálfu vegarstæðinu og ekki kemur fram í heimildum að nokkur mannvirki hafi verið þar eða í næsta nágrenni. Svæðið sem fyrirhugaður vegur mun liggja um er að mestu örfoka melar og er graslendi einungis næst Jökulsárbrú og meðfram árbakka Jökulkvíslar og einnig er votlendisgróður í Bæjargróf og á Laufflötum. Ekki getur talist líklegt að menningarminjar finnist á þessu svæði, þó ekki sé það óhugsandi. Slíkar minjar er líklegast að finnist þar sem enn er nokkur jarðvegur eftir.

Minjar í námunda við fyrirhugað vegastæði

Þekktar menningarminjar sem næstar eru vegarstæðinu eru þessar:

Bæjarstæði Gömlu Grímsstaða, á 65°35.938 N 16° 04.973 V, er fast vestan við núverandi veg. Bærinn var fluttur vegna uppblásturs um síðustu aldamót. Rústir sjást á um 1 ha svæði og auk þess eru þar þrjú rofabörð norðanvið með mannvistarlögum í. Þessar mannvistarleifar eru í mikilli hættu vegna uppblásturs.

Kuml, á 65°36.035 N 16° 04.995 V, skammt norðan við áðurnefnd rofabörð. Mannabein blésu fram á þessum stað á 6. áratugnum og árið 1962 rannsakaði Þorkell

¹ Þingeyjarsýslur, bls. 226

² Íslenzkir sjávarhættir II, 387

Grímsson kumlið eftir að spjótsoddur hafði fundist í því og verið sendur Þjóðminjasafni. Þorkell fann leifar af þremur einstaklingum og nokkur dýrabein og hefur eitt þeirra verið greint sem selsbein. Á þeim stað sem Þorkell lýsir er nú aflöng grjóthrúga, um 2 x 1 m frá austri til vesturs, norðvestan í ávölum melhól. Efst á honum eru nýleg ummerki um jarðrask og hefur litlu munað að unnin væru spjöll á kumlstæðinu.

Beint í vestur frá Gömlu Grímsstöðum eru nokkrar vörður og uppi á ásnum milli bæjarstæðisins og Jökulsár beygja þær til suðurs. Þessar vörður eru á hinn fornu leið frá Ferjufjalli að Grímsstöðum.³ Á þeim stað þar sem hið nýja vegarstæði sker þessa leið á mótis við Lauffleti eru ekki sýnilegar vörður en ekki var gerð endanleg leit að vörðubrotum við vettvangsathugunina og er því ráðlegt að þetta svæði verði kannað nánar og vörðurnar kortlagðar eins og Biskupavörður.

Í ofangreindri sóknarlýsingu Stefáns Þórarinssonar frá 1839, kemur m.a. fram ógreinileg frásögn á fornu eyðibýli suðvestan við Grímsstaði. Þar segir: "Til suðvesturs frá Grímsstöðum standa Grímsstaðanúpar, kallað Fremri- og Ytrinúpur,... og utan undir þeim fremri er eyðibýli frá forntíð, kallað Bakkastaðir, og þar nálægt stóð beitarhús frá Grímsstöðum sem nú er fyrir fáum árum aflagt."⁴ Ekki virðist af þessari lýsingu að þessir minjastaðir séu nálægt vegarstæðinu en ekki var reynt að leita þeirra við vettvangsathugun.

Niðurstöður:

Að heimildakönnun lokinni og rannsókn á vettvangi þykir ljóst að engar sýnilegar fornleifar lendi í fyrirhuguðu vegarstæði. Í námunda við fyrirhugaðan veg eru ýmsar minjar er flestar eru utan væntanlegs athafnasvæðis vegagerðarinnar. Á Biskupshálsi eru þó vörður sem brýnt er að færa á kort og gæta að á meðan á framkvæmdum stendur.

Heimildir:

Jón Gauti Jónsson: "Ódáðahraunsvegur hinn forni", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1979*, (1980, bls. 129-147).

³ sbr. Jón Gauti Jónsson: "Ódáðahraunsvegur hinn forni."

⁴ Þingeyjarsýslur, bls. 228-229.

Lúðvík Kristjánsson: *Íslenzkir sjávarhættir II*, Reykjavík 1982.

Þingeyjarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*.

Reykjavík 1994.

Þorkell Grímsson: "Tveir kumlfundir", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1965*, (1966, bls. 78-86).